

**FRÁSÖGN**

*af fjarfundi stjórnarnefndar Evrópuráðsþingsins 4. desember 2020.*

Fundur stjórnarnefndar fór fram með fjarfundarbúnaði og bauðst öllum þingmönnum Evrópuráðsþingsins að taka þátt í umræðum á fundinum þrátt fyrir að aðeins meðlimir stjórnarnefndar hefðu atkvæðisrétt. Af hálfu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins tóku þátt í fundinum Rósa Björk Brynjólfssdóttir formaður, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir varaformaður, og Bylgja Árnadóttir alþjóðaritari. Á dagskrá var m.a. bætt kerfi gæslumanna fyrir fylgdarlaus börn og stuðningur við einhverfa.

Rósa Björk Brynjólfssdóttir var framsögumaður skýrslu um skilvirkt gæslumannakerfi fyrir fylgdarlaus börn í Evrópu. Hún harmaði hve mörg fylgdarlaus börn biðu niðurstöðu í málum sínum í Evrópu. Það gæti tekið marga mánuði að úthluta fylgdarlausum börnum gæslumanni og í mörgum tilvikum skorti verulega upp á að aðstæður barnanna væru fullnægjandi. Stjórnarnefnd samþykkti einróma ályktun þar sem gagnrýnt var að kerfi gæslumanna fyrir fylgdarlaus börn væru ekki samræmd milli Evrópulanda. Einnig var bent á að skortur væri á hæfu fólki til að gegna hlutverki gæslumanna og því væru miklar tafir á því að börnum væru skipaðir gæslumenn. Þingið hvatti aðildarríkin til að endurskoða löggjöf sína og tryggja aðgengi að fjármunum og þekkingu fyrir málaflökkinn. Einnig hvatti það ríkin til að tryggja að öllum fylgdarlausum börnum væri útvegaður gæslumaður strax við komu þeirra í móttökuland til að tryggja að börnin fái þær upplýsingar og aðstoð sem þau eigi rétt á. Rósa Björk þakkaði meðlimum stjórnarnefndar fyrir að veita þessum viðkvæma hópi athygli. Hún sagði mikilvægt að þingmennirnir fylgdu ályktuninni eftir í heimaþingum sínum og tryggðu innleiðingu hennar. Þannig mætti gera móttökukerfi aðildarríkja Evrópuráðsins betri, barnvænni og mannúðlegri fyrir börn á flóttu.

Þingið samþykkti einnig ályktun um stuðning við einhverfa og fjölskyldur þeirra og ályktun og tilmæli um réttindi og skyldur frjálsra félagasamtaka sem aðstoða flóttamenn og fólk á faraldsfæti í Evrópu. Þá samþykkti þingið ályktun um erlenda fjárfestingu og veitingu dvalarleyfa á grundvelli hennar þar sem ítrekað var að tryggja þyrfti gagnsæi og fylgjast með tengslum við peningabætti og ólöglega glæpastarfsemi.

Næsti fundur stjórnarnefndar verður 19. mars 2021. Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu <https://pace.coe.int/en/>.